

- 5 í Borgarnesi, enda leggi Borgarnessókn fram söngkrafta eins og þörf krefur við þessar athafnir.
13. marz
2. Að afnot af kirkjugarði verði sameiginleg fyrst um sinn.
  3. Að um sjóð Borgarkirkju, eins og hann var um síðustu áramót, fari á þann hátt, sem samþykkt var á almennum safnaðarfundi fyrir Borgarsókn 14. janúar 1940. En kirkjugjöld gjaldenda, sem búsettir eru í Borgarnesi og á Bjargi, þau er féllu í gjalddaga 31. desember 1939, skulu innheimt af sóknarnefnd Borgarnessóknar.
- Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

6 **Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, um greiðslu innlands tollvörugjalds af svo kölluðum „Likörum“.**

18. marz

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefir ákveðið að hinir svo kölluðu „Likörar“, sem gosdrykkjagerðir hér í bænum búa til og selja undir nöfnunum „Dom“ og „Kaloric“ o. fl., en drykkir þessir eru búnir til úr vatni, sykri, kjörnum og lit, skuli falla undir 8. lið, 4. kafla í 2. gr. laga nr. 60 30. des. 1939, og af þeim skuli greiða innlent tollvörugjald, 70 auro vörumagnsgjald fyrir hvern lítra.

7 **Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, um skiptingu Geithellnahrepps í tvö sveitarfélög.**

20. marz

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Geithellnahrepps og meðmælum sýslunefndar Suður-Múlasýslu, um skiptingu Geithellnahrepps í tvö hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Geithellnahreppi í Suður-Múlasýslu skal skipt í tvö sveitarfélög, er nefnast Geithellnahreppur og Búlandshreppur. Búlandshreppur nær yfir jarðirnar Teigarhorn, Búlandsnes, Borgargarð, Háls með hjáleigum og Papey. Ennfremur heyra Berufjarðareyjar og Þvottáreyjar til Búlandshrepps. Hreppamörk Búlandshrepps eru að norðan landamerki jarðanna Teigarhorns og Urðarteigs, en að sunnan landamerki jarðanna Hamars og Háls.
2. Búlandshreppur leysir til sín hluta Geithellnahrepps í Kristfjórjörðunum Búlandsnesi og Borgargarði með því að greiða Geithellnahreppi 1100 — ellefu hundruð — krónur á ári í næstu 60 ár og fer fyrsta greiðsla fram árið 1940. Gjaldtagi er 1. desember ár hvert. Búlandshreppur fær einn öll umráð jarðanna og greiðir af þeim skatta og skyldur.
3. Barnaskólahúsið á Djúpavogi er séreign Búlandshrepps, svo og öll kennsluáhöld, er því fylgja, og snertir í engu skiptingu annara eigna.
4. Hlutdeild hvors hreppsins um sig, Geithellnahrepps og Búlandshrepps, í læknisbústaðnum á Djúpavogi verður þannig, að þann hluta læknisbústaðarins, sem núverandi Geithellnahreppur á, eignast Búlandshreppur að 60 hundruðustu hlutum, en Geithellnahreppur að 40 hundruðustu. Að sömu hlutföllum taka þeir að sér skuldir vegna læknisbústaðarins.
5. Öllum eignum öðrum en þeim, sem taldar eru í 2.—4. lið hér að framan, svo og öllum skuldum, sem ekki tilheyra sérstaklega barnaskólanum eða læknisbústaðnum skal skipt eftir vísitölum, 40% fyrir Geithellnahrepp og 60% fyrir Búlandshrepp.